



Reykjavík, 10. júní 2021  
R21060082  
ívs

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

***Fjölbýlishús án lyftu - bætt aðgengi og úrbætur***

Á fundi borgarráðs þann 10. júní 2021 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 8. júní 2021, samþykkt:

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela umhverfis- og skipulagssviði í samstarfi við Félagsbústaði og Arkitektafélag Íslands að undirbúa hugmyndasamkeppni um bætt aðgengi að fjölbýlishúsum án lyftu. Miðað er við að undirbúningur hefjist strax og að samkeppnin hefjist á haustmánuðum 2021.

Það tilkynnist hér með.  
Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hugmyndasamkeppni um bætt aðgengi að fjölbýlishúsum er spennandi verkefni sem er unnið í samstarfi við Félagsbústaði og Arkitektafélag Íslands. Um er að ræða samþykkt á því að undirbúa hugmyndasamkeppni um bætt aðgengi að fjölbýlishúsum sem eru án lyftu. Gert er ráð fyrir að samkeppnin hefjist strax í haust.

Helga Björk Laxdal  
e.u.